



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd

*Sent með tölvupósti.*

Reykjavík, 13. febrúar 2020

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir, 58. mál.**

*Tilv. 202002-0007*

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 58. mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni tillögunnar og telja jákvætt að hugað verði að flóðavörnum og að starfshópur verði skipaður til að leysa þau verkefni sem liggja fyrir, í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, og styðja að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 10. febrúar 2020

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um flóðavarnir á landi – 58. mál**

Með rafréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. janúar 2020, barst Landgræðslunni tillaga til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 58. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.

Landgræðslan er sú stofnun samfélagsins sem í áratugi hefur unnið að vörnum gegn landbroti. Framan af gildi um málefnið sérstök löggjöf en með setningu nýrra laga um landgræðslu, nr. 155/2008, voru ákvæði um varnir gegn landbroti felld inn í þau lög, sjá VI. kafla laganna.

Á grundvelli löggjafar um varnir gegn landbroti hefur verið unnið að slíkum aðgerðum um allt land. Fyrir tilstilli slíkra framkvæmda hefur verðmætum gróðurlendum, túnnum, úthaga og öðru landi verið forðað frá varanlegri eyðingu.

Fyrir utan það að varnarvirki hafa þjónað því hlutverki að verja einstakar jarðir ágangi fallvatna þá hefur Landgræðslan einnig staðið fyrir aðgerðum sem verja mikið stærri svæði, jafnvel heilar sveitir, eins og ágætlega er rakið í þingsályktunartillögunni. Sem dæmi um slíkt má nefna að Landgræðslan hefur staðið fyrir þeim framkvæmdum sem unnar hafa verið til að varna því að jökulfallið Bakkahlaup renni inn í Skjálftavatn og þaðan niður í Kelduhverfi. Þá hefur það og staðið upp á stofnunina, oft þó með liðsinni Vegagerðarinnar, að varna því að Markarfljót haldist í farvegum sínum. Áður en að Markarfljót var beislað á síðustu öld var þó stór hluti af Suðurlandi undirseldur ægivaldi fljótsins, þ.e. landsvæði frá Holtsósi í austri og vestur í Þjórsá.

Það fjármagn sem árlega hefur verið nýtt til verkefna þessa hefur síðustu ár verið um 70. m.kr. Þó vissulega sé um að ræða töluverða fjármuni þá hrökkva þeir skammt enda verkefnið stórt og fyrir liggja fjölmörg brýn verkefni sem ekki er, að óbreyttu, útlit fyrir að unnin verði í náinni framtíð. Fyrir vikið tapast verðmæt gróðurlendi og byggðir standa illa varðar.

Landgræðslan er því fylgjandi að þingsályktun þessi verði samþykkt. Fyrsta skrefið yrði skipun starfshóps, hver hæfist handa við greiningarvinnu sem tilgreind er í fjórum liðum þingsályktunartillögunnar, þ.e. að **1)** vinna úttekt á ástandi flóðavarna við skaðlegar ár, **2)** greina stöðu og mikilvægi óunninna aðgerða, **3)** forgangsraða verkefnum, m.t.t. áhættumats Veðurstofunnar og **4)** leggja fram tillögur að áætlun um aðgerðir.

Í samþykkt tillögunnar felst í raun ekki annað en að unnin verði greiningarvinna, m.t.t. áhættumats Veðurstofunnar. Það er ábyrgðarhlutur að láta ekki vinna slíka vinnu, hvort svo sem

að fé verði veitt til brýnna aðgerða á síðari stigum eður ei. Landgræðslan telur efni þingsályktunartillögunnar mjög þarft, svo ekki sé nú sterkar að orði kveðið, og leggur til að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason, landgræðslustjóri

Vegagerðin telur verkefnið sem tillagan leggur til verðugt og gerir engar athugasemdir.

Virðingarfyllt,



FIGMENNSKA  
ÖRYGGI  
FRAMSÝNI

---

**Magnús V. Jóhannsson**  
Framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs